

## Stærðfræði 2019 - 2020

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í stærðfræði sett fram í sjö flokkum: Að geta spurt og svarað með stærðfræði; Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar; Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar; Tölur og reikningur; Algebra; Rúmfræði og mælingar; Tölfræði i líkindi. Á blaðsíðum 211-217 í 25. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um stærðfræði, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá:

[http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

### 2. bekkur

Nemendur 2. bekkjar eru 6,25 kennslustundir á viku í stærðfræði.  
Kennari er Valgerður Sigurðardóttir

### Kennsluhættir

Eins og kemur fram hér að ofan eru hæfniviðmið fyrir stærðfræði sett fram í sjö flokkum. Þó viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem eina heild. Þar af leiðandi eru kennsluhættirnir ekki flokkaðir sérstaklega eftir viðmiðunum.

Stærðfræðinámið felst í innlögn kennara á töflu, innlögn kennara í litlum hópum, hópvinnu, paravinnu, einstaklingsvinnu, greiningum, samræðum og athugunum á ýmsum hlutum og formum í umhverfi nemendanna. Áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð og skilning nemenda.

### Námsgögn

Kennslubækurnar: *Sproti 2a og 2b* nemendabækur og æfingahefti, ýmis ljósrituð verkefni og spil tengd námsefninu. Stuðst við ýmsar aukabækur sem hæfa og aldri og getu nemenda. Hjálpargögn eru m.a. talnagrindur, pinnabretti, kennslupeningar, teningar, smáhlutasafn, spilastokkar, vogir, málbönd, klukkur og reglustikur.

### Námsmat

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn á að sinna sjálfur heima.

Við annaskil er þekking og leikni nemenda metin með prófum eða með mati á þeim verkefnum sem þeir hafa unnið.